

Professional P6

Akrýlmálning utanhúss

Efnislýsing

Professional P6 er vatnspynnaleg, slitsterk, mött akrýlmálning með góða öndunareiginleika og veðurpolið yfirborð. Hún er ætluð til notkunar utanhúss á steinsteypta fleti (athugið að á múrklæðningar skal nota steinsílanmálningu, þ.e. Murtex Siloxane eða Alphaloxan Flex).

Meðhöndlun

Nýmálun utanhúss

- Steinsteypa þarf að vera a.m.k. 30 daga gömul, þurr og laus við sementshúð, ryk, fitu, myglu og önnur óhreinindi. Sementshúð skal farlægja með steinslípun eða háþrýstipvotti. Látið þorna í nokkra daga eftir þvott.
- Sílanbaðið flötinn, sérstaklega slagveðursmegin
- Grunnið með Alpha Aquafix Opaque (þynntum með um 10% vatni ef þurfa þykir) eða með Professional Microdispers. Á mjög gljúpa og duftsmítandi fleti skal nota Professional Microdispers grunninn.
- Ef sprungur eru til staðar skal mála yfir þær tvisvar með Alphacoat (kvarsfylltur og teygjanlegur fylligrunnur).
- Málið síðan tvær umferðir af Professional P6.

Endurmálun utanhúss

- Tryggið að flöturinn sé þurr og laus við ryk, fitu, myglu og önnur óhreinindi. Háþrýstipvoið og fjarlægjið umferðarsót með Málartvätt. Fjarlægjið lausa málningu með háþrýstipvotti.
- Gerið við skemmdir í steinsteypu með Husrep eða sambærilegum sements- og trefjafylltum viðgerðarefnum.
- Grunnið viðgerðir og beran stein með Alpha Aquafix Opaque. Einnig er hægt að grunna viðgerðir og sprungur með Alphacoat. Alphacoat jafnar áferð og ásýnd viðgerða.
- Málið síðan tvær umferðir af Professional P6.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsi-efnaleyfum í niðurföll. Skilið efnaleyfum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innan- og utanhúss

Bindiefni: Akrýl

Gljástig: Matt 6%

Þornun: Um 2 klst

Yfirmálun: 6 klst.

Lágmarkshiti við málun: +5°C

Rakastig: 40-80%, kjörrakastig 65%

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, málingarsprautur

Þekja: 6-10 m²/l

Umbúðir: 2,5 og 10 lítra dósir

Litir: Allir litir

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/a) 30 g/l):

Inniheldur mest 1 g/l

Þessi lýsing á við hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra liti.

